



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 5/2026

Dagsetning: 21.5. 2026 kl. 15:00

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra, Anna Jóna Kristjánsdóttir (AJK), varafulltrúi og Berglind Víktorsdóttir (BV) varafulltrúi og Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi. Sveinn Margeirsson (SM), Camille Leblanc (CL) og Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG) tilkynntu forföll.

Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 122. fundar:

- 1) Dagskrárrög fundar 122
- 2) Fréttir úr starfi skólans
- 3) Ný gæðastefna HH
- 4) Ný rannsóknarstefna HH
- 5) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 6) Uppbygging framtíðarhúsnaðis HH
- 7) Endurreisn Hóla í Hjaltadal.
- 8) Önnur mál
 - a. Samningur milli HH og hestamannafélagsins Skagfirðings.

Afgreiðslur:

1. **Dagskrárrög** fundar nr. 122. Samþykkt.
2. **Fréttir úr starfi skólans.** Rektor fór yfir það helsta í skólastarfinu, m.a. að búið sé að auglýsa starf rekstrarstjóra, að 9 umsóknir bárust um starf kennslustjóra og að tvær brautskráningar eru fyrirhugaðar að vori, 23. maí í Hestafræðideild og 5. júní í Ferðamáladeild og Fiskeldis- og fiskalífrræðideild.
3. **Ný gæðastefna HH.** Anna Jóna Kristjánsdóttir, gæðastjóri HH kynnti vinnu- og samráðsferlið við gerð draga að nýrri gæðastefnu og fór yfir innihald stefnunnar sem svo var borin upp til samþykktar. Gæðastefnan var samþykkt einróma og haft orð á því að gott og þarft skref hafi verið stigið innan HH með gerð gæðastefnunnar en hingað til hefur ekki verið gæðastefna við HH. Önnu Jónu var þökkun góð vinna við gerð gæðastefnunnar.
4. **Ný rannsóknarstefna HH.** Eva Küttner rannsóknastjóri HH kom inn á fundinn og kynnti vinnu- og samráðsferlið við gerð draga að uppfærðri rannsóknarstefnu og fór yfir innihald stefnunnar. Að lokum var stefnan borin upp til samþykktar og samþykkt háskólaráð einróma og þakkaði Evu fyrir góða vinnu.
5. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.** Stýrihópar beggja skóla funda vikulega og heldur vinna áfram í starfshópum. Frumvarp um breytingu á lögum um opinbera háskóla



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

(Háskólasamstæður) hefur farið í gegnum 2. umræðu og gert ráð fyrir að 3ja umræða verði á næstu vikum.

6. **Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH.** Áfram er unnið að undirbúningi útboðs vegna hönnunar á lagareldishúsi og útboðs færanlegra húseininga á hesthúsasvæðinu á Hólum. Samtal milli fjármálaráðuneytis og eigenda Hesthóla er hafið um kaup á Brúnastöðum.
7. **Endurreisn Hóla í Hjaltadal.** Rektor sagði frá íbúafundi á Hólum sem hún, ásamt EKG, Margréti Hallgrímsdóttur frá forsætisráðuneytinu, Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra svf. Skagafjarðar og Val Árnasyni frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu voru boðin á og fjallaði um framtíð Hóla í Hjaltadal. Rektor sagði fundinn löngu tímabæran. Á fundinum tilkynnti Sigfús Ingi um fyrirhugaðan samning milli ríkisins og svf. Skagafjarðar um staðarhald svæðisins. Sigfús Ingi undirritaði svo þann 13. maí sl. samkomulagið við forsætisráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að koma innviðum, umhirðu og staðarhaldi svæðisins í það horf sem almennt gildir í þéttbýli innan sveitarfélagsins..
8. **Önnur mál.** Rektor upplýsti um samning sem HH ætlaði að gera við hestamannafélagið Skagfirðing um afnot af aðstöðu skólans fyrir Landsmót hestamanna á Hólum 2026 (LM). Háskólaráð var ánæggt með að gerður yrði samningur um LM26 til að skýra hlutverk og tryggja að vel takist til við mótahaldið.

Fundi slitið kl. 16:30